

**Sameiginleg greinargerð
vegna tillögu um samruna**

**Hafnarfjarðarkaupstaður
og
GN eignir ehf.**

Fyrir liggur sameiginleg áætlun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579 og stjórnar GN eigna ehf., kt. 560709-0560 um samruna. Samruninn miðast við 1. janúar 2016.

Í samrunaáætluninni koma fram þau atriði sem greind eru í 95. gr. einkahlutafélagalaga nr. 138/1994, eftir því sem við á með frávikum sem leiðir af því að um samruna skv. 105. gr. laganna er að ræða..

GN eignir ehf. er í 100% eigu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Við sameininguna gengur eigið fé GN eigna ehf. á móti eignarhlut Hafnarfjarðarkaupstaðar í GN eignum ehf. Ekki verður um að ræða neina afhendingu sérstaks endurgjald við samrunann til handa eiganda hins yfirtekna félags.

GN eignir ehf. hélt utan um eignir sem bærinn keypti af Nýsi hf. og báru með sér VSK kvöð og var af þeirri ástæðu ákveðið að halda þeim í sérstöku félagi. VSK kvöðin var fyrnd í ágúst 2015 og fékkst því niðurfelld frá og með 1. september 2015. Það er því lagt til að GN eignir ehf. verði lagt niður og eignir og skuldir félagsins yfirteknar af eignasjóði Hafnarfjarðarkaupstaðar. Það sem sparast við samrunann er aukavinna við að halda GN eignum ehf. aðgreindu í rekstri og uppgjörum og endurskoðunarkostnaður.

Reykjavík 15. júní 2016

Bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar

Har. R. Heiðarsson


Stjórn GN eigna ehf.

Valdísar Svavarsdóttir
Rósa Steingrimsdóttir
Ejv. Haug
Einarsson